



## SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Selfossi, 17. apríl 2012  
1202001SA ÞH

Alþingi

Erindi nr. Þ 140/1849

komudagur 20.4.2012

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


**Efni: Umsögn SASS um frumvörp til laga um um stjórn fiskveiða og veiðigjöld, 657. og 658. mál**

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hefur samþykkt efirfarandi umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög), 657. mál og frumvarp til laga um veiðigjöld (heildarlög), 658. mál:

Stjórn SASS leggur áherslu á, í ljósi mikilvægis sjávarútvegsins fyrir þjóðfélagið í heild, að sem mest sátt ríki um skipulag hans og jafnframt að það tryggi sem allra best hagkvæmni atvinnugreinarinnar þannig að hún geti skilað sem mestu til þjóðarbúsins með einum eða öðrum hætti. Þá leggur stjórn SASS jafnframt áherslu á að áður en frumvörpin verða samþykkt með áorðnum breytingum verði kannað til hlítar hvaða áhrif þau hafa á rekstrarhæfni greinarinnar og einnig þau áhrif sem þau kunna að hafa fyrir sjávarbyggðir landsins. Fram hafa komið ábendingar um að skattlagning greinarinnar verði of mikil og dragi þannig úr rekstarhæfni hennar og vaxtarmöguleikum og um leið úr tekjum viðkomandi sjávarbyggða. Allar breytingar sem kunna að vera gerðar verða hins vegar að hafa það að leiðarljósi að tryggja stöðugleika í sjávarbyggðum jafnframt því að stuðla að viðunandi arðsemi atvinnugreinarinnar og áframhaldandi þróun hennar. Á Suðurlandi byggja þrjú sveitarfélög, Sveitarfélagið Hornafjörðuri, Vestmannaeyjabær og Sveitarfélagið Ölfus/Þorlákshöfn, þar sem um þriðjungur sunnlendinga býr, afkomu sína að langmestu leyti á sjávarútvegi. Því leggja Samtök sunnlenskra sveitarfélaga þunga áherslu á ekki verði kastað til höndum við setningu þessara laga - slíkt gæti haft ófyrirjánlegar afleiðingar.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri